

TÖFRASPROTINN

Barnaleikrit með söngvum eftir Benóný Ægisson

TÖFRASPROTINN er leikrit í 12 atriðum. Hér birtast 1. og 2. atriði

1. ATRIÐI.

Sviðið er skólalóð. Á sviðinu er stór klettur. Einhverjar framkvæmdir fara fram því verkfæri og vinnuvélar eru á víð og dreif. Sviðið er autt. BALDUR kemur inn. Hann gengur að klettinum staðnæmist og hallar sér upp að honum. SÓLVEIG kemur inn og kemur auga á BALDUR. Stansar.

SÓLVEIG

Sæll!

BALDUR

Sæl!

SÓLVEIG

Ertu að bíða eftir einhverjum?

BALDUR

Nei. Ég er bara að hangsa.

SÓLVEIG

Ætlarðu ekki heim?

BALDUR

Jújú. Einhvern tíma.

SÓLVEIG

Bíður mamma þín ekki eftir þér með matinn?

BALDUR

Nei. Hún er í vinnunni. Þau eru bæði í vinnunni. Ég fæ mér bara eitthvað.

SÓLVEIG

Viltu vera samferða?

BALDUR

Vilt þú vera mér samferða?

SÓLVEIG

Já. Var ég ekki að segja það? Hvað er að þér? Ertu hræddur við stelpur? Finnst þér ég vera ljót?

BALDUR

Nei nei nei!

SÓLVEIG

Komdu þá!

Þau eru í þann mund að leggja af stað þegar STJÁNI, KRISSI og GUGGA koma út úr skólanum. Þau staðnæmast og horfa á BALDUR og SÓLVEIGU.

STJÁNI

Nei sjáiði krakkar! Sjáiði hjónasvipinn! Fríða og dýrið!

SÓLVEIG

Æ láttu ekki svona Stjáni.

STJÁNI

Og hvert er svo verið að fara?

SÓLVEIG

Við ætlum að vera samferða heim.

STJÁNI

Ekkert rugl. Þú verður ekki samferða þessu. Þú gætir fengið bólur. Komdu með okkur.

GUGGA

Já komdu með. Við ætlum út í sjoppu.

SÓLVEIG

(Við Baldur)

Kemur þú með?

BALDUR

Nei. Ætli það.

SÓLVEIG

Ef þú ert blankur þá get ég lánað þér.

STJÁNI

Nei heyrið þið krakkar? Það er bara sönn ást.

(Við Baldur)

Snautaðu burtu! Við viljum ekki hafa neina aumingja. Drullaðu þér!

KRISSI

Lemdann Stjáni! Kýldann í klessu.

STJÁNI

Það væri kannski ráð að lemja hann aðeins svo hann haldi ekki að hann sé neitt merkilegur.

STJÁNI stekkur á BALDUR og snýr upp á handlegginn á honum. BALDUR fellur á hnén.

SÓLVEIG

Láttu hann vera Stjáni! Hann hefur ekkert gert þér.

BALDUR

Slepptu mér!

STJÁNI

Biðstu vægðar!

BALDUR

Nei! Aldrei!

STJÁNI

(Snýr hörkulegar upp á handlegginn)

Biðstu vægðar!

BALDUR

Allt í lagi. Ég biðst vægðar.

STJÁNI

Segðu: Ég er aumingi!

BALDUR

Nei!

STJÁNI snýr betur.

BALDUR

Ég er aumingi.

SÓLVEIG

Slepptu honum núna!

STJÁNI

Ekki alveg strax. Ætlarðu að koma með okkur?

SÓLVEIG

Nehei! Mér dettur það ekki í hug. Ég ætla með Baldri.

STJÁNI snýr aftur uppá handlegginn á BALDRI sem kveinkar sér.

STJÁNI

Ef þú kemur ekki með þá ríf ég af honum handlegginn og lem hann með honum. Ætlarðu að koma?

SÓLVEIG

Jæja þá. Ég skal koma. En slepptu honum þá strax.

STJÁNI sleppir BALDRI.

STJÁNI

Bæbæ aumingi.

SÓLVEIG

Sé þig seinna Baldur.

STJÁNI

(Með dramatískum tilburðum)

Hetjan hefur sigrað hjarta prinsessunnar.

KRISSI

En drekinn át hetjuna.

KRISSI sparkar í BALDUR og þeir fara hlæjandi. SÓLVEIG er treg í taumi. BALDUR stendur upp. Hann klifrar upp á klettinn og sest þar. INGA litla og SIGGA vinkona hennar hafa komið inn og fylgst með STJÁNA þjarma að BALDRI.

INGA

Ræðurðu ekki við bróður minn?

BALDUR

Hann Stjána? Nei.

INGA

Hann er líka svo ofboðslega sterkur. Og ofboðslega mikill fantur.

(Þögn)

Ertu aumingi?

BALDUR

Æ farðu eitthvað annað að leika þér.

INGA

Þú átt að svara mér!

BÁRA kemur inn. Hún er að leita að stelpunum.

BÁRA

Þið eigið ekki að hlaupa svona í burtu. Komið. Við skulum fara á róló.

INGA

Ég vil ekki fara á róló. Ég vil tala við hann. Hann er aumingi. Stjáni segir það.

BÁRA

Komdu nú!

VERKAMENN koma inn.

VERKSTJÓRI

Jæja. Við skulum ráðast á þetta.

(Sér stelpurnar en ekki Baldur)

Farið þið frá stelpur. Ekki flækjast fyrir vinnandi mönnum.

INGA

Þú ert ljótur kall.

VERKSTJÓRI

Svona! Burt með ykkur!

Þeir reka stelpurnar burt og fara að vinna.

VERKAMAÐUR

Hvað eigum við að nota margar?

VERKSTJÓRI

Svona fimm til að byrja með.

VERKAMAÐURINN fer að koma sprengiefninu fyrir. Hann rekur augun í BALDUR.

VERKAMAÐUR

Farðu niður strákur! Við erum að fara að sprengja.

BALDUR

Ætlið þið að sprengja klettinn.

VERKAMAÐUR

Já. Hér á að koma fótboltavöllur.

BALDUR

Æðislegt! Má ég horfa á?

VERKSTJÓRI

Ekki til í dæminu. Það er stórhættulegt.

BALDUR

Gerðu það? Ég skal ekki vera fyrir.

VERKSTJÓRI

Jæja þá. En þá verðurðu að standa þarna hinumegin.

BALDUR færir sig. VERKAMENNIRNIR fara að undirbúa sprenginguna. GAMALL MAÐUR kemur inn og staðnæmist við hliðina á BALDRI.

GAMALL MAÐUR
Hvað eru þeir að gera?

BALDUR
Þeir ætla að sprengja klettinn.

GAMALL MAÐUR
Það kann ekki góðri lukku að stýra.

BALDUR
Þeir ætla að gera fótboltavöll.

GAMALL MAÐUR
Það eru álfar í klettinum.

BALDUR
Það eru engir álfar til. Það er bara hjátrú.

GAMALL MAÐUR
Ónei drengur minn. Það eru álfar í þessum kletti. Ég sá þá sjálfur þegar ég var barn. Álfarnir líða ekki neinum að eyðileggja heimili sín. Ég verð að stöðva þá áður en eitthvað illt hlýst af þessu.
(Gengur til verkamannanna)
Stans! Hættið þessu! Þetta megið þið ekki gera.

VERKSTJÓRI
Frá gamli minn. Við erum að fara að sprengja.

GAMALL MAÐUR
Nei! Þið megið það ekki. Þið megið það ekki.

VERKSTJÓRI
Hvað er að karlálftinni?

BALDUR
Hann segir að það séu álfar í klettinum.

VERKSTJÓRI.
Álfar! Ekki nema það þó! Óli farðu með karlinn. Hér verður sprengt og ekki orð um það meir.

GAMALL MAÐUR
Ykkur hefnist fyrir þetta.

VERKAMAÐUR
Svona gamli minn. Færðu þig nú.

VERKAMAÐURINN leiðir GAMLA MANNINN til BALDURS.

GAMALL MAÐUR

Ef þeim tekst að sprengja klettinn erum við öll orðin fátækari.

VERKSTJÓRI

Við skulum sjá hvort dínarnir dugar á álfana þína. Tilbúinn! Sprengja!

Kletturinn haggast ekki. Í stað hans springur ein vinnuvélin. Það verður mikið óþagot en síðan safnast allir í kringum ónýtu vélin.

VERKSTJÓRI

Fjandakornið! Það var skrítíð atarna.

GAMALL MAÐUR

Hvað sagði ég? Álfarnir láta ekki að sér hæða. Hehehe!

(Fer út smáhlæjandi)

VERKAMAÐUR

Skyldi eitthvað vera til í því sem karlálftin var að tauta?

VERKSTJÓRI

Engan þvætting. Álfar eru ekki til.

(Þögn)

Ég veit svei mér ekki hvað við eigum að gera.

(Þögn)

Við hringjum í verktakann og spyrjum hann. Komdu.

Þeir fara og BALDUR er einn eftir. Hann sest niður við klettinn og hallar sér upp að honum. Lokar augunum. Eftir stutta stund opnast kletturinn og ÁLFUR gægist út. Hann skimar í kringum sig. BALDUR opnar augun.

ÁLFUR

Þetta er víst staðurinn. Ekki er hann geðslegur.

BALDUR

Er mig að dreyma?

ÁLFUR

(Kemur út úr klettinum)

Hvað átti ég aftur að gera?

BALDUR

Mig hlýtur að vera að dreyma.

ÁLFUR

Sækja hetju til að sigra orminn finna sprotann frelsa prinsessuna og halda síðan veislu. Já þannig var það. Hvernig ætli maður beri sig að? Ég hef aldrei gert þetta áður.

(Kemur auga á Baldur)

Góðan dag. Ég er að leita að hetju.

BALDUR

Hver ert þú? Hvaðan komstu?

ÁLFUR

Hver ég er? Eg er álfur. Álfur út úr hól. Ég kom út úr klettinum.

BALDUR

Þeir ætluðu að sprengja klettinn.

ÁLFUR

Já ekkert fær að vera í friði. En hafðu engar áhyggjur að því. Ég er að leita að hetju. Getur þú hjálpað mér.

BALDUR

Ég þekki engar hetjur. Þú verður að spyrja einhvern annan.

ÁLFUR

Geturðu bent mér á einhvern sem ég get spurt? Ég þarf að finna hetju til að frelsa orminn sígra prinsessuna sækja veislu og halda á sprotanum.

(Hugsar sig um)

Nei. Það var ekki svona. Sígra sprotann sækja prinsessuna frelsa veislu og halda á orminum. Nei. Það var ekki heldur svona. Hvernig stendur á því að ég get aldrei munað þetta rétt?

BALDUR

Þú sagðir áðan að þú þyrftir að sækja hetju til að sígra orminn finna sprotann frelsa prinsessuna og halda síðan veislu.

ÁLFUR

Hárrétt! Þannig var það. Þú ert skýrleikspiltur. Kannski þú dugir.

BALDUR

Dugi til hvers?

ÁLFUR

Til að sígra veislu.. Æ þú veist hvað ég á við. Ég þarf hetju.

BALDUR

Hetju? Ég er enginn Súpermann.

ÁLFUR

Ég þarf engan súpumann. Ég þarf bara ósöp venjulega hetju. Í fullum herklæðum á hvítum hesti með sverð sér við hlið.

BALDUR

Þær eru ekki til. Þær eru löngu útdauðar.

ÁLFUR

Nú versnar í því. Hvað gerum við þá?

BALDUR

Ég veit ekki hvað þú gerir en ég geri ekki neitt. Ég er farinn heim að borða.

ÁLFUR

Nei bíddu aðeins. Getur þú ekki komið með mér? Þeir verða snarvitlausir ef ég kem ekki með neina hetju.

BALDUR

Ég er engin hetja. Ég er bara aumingi. Ég kann ekki einusinni að slást. Ég er skíthræddur við pöddur hvað þá heldur orma.

ÁLFUR

Uss þú spjarar þig. Hver veit nema þú hafir gaman að því að vera hetja?

VERKSTJÓRI

(Úr fjarska)

Þeir eru harðákveðnir í því að við eigum að sprengja. Við skulum drífa í þessu.

(Bendir á ónýtu vélina)

Burt með þetta. Þetta er ónýtt.

VERKAMAÐUR

Mér líst ekkert á þetta.

ÁLFUR

Þeir eru að koma. Forðum okkur!

BALDUR

Þetta eru bara verkamennirnir sem eiga að sprengja klettinn.

ÁLFUR

Það verður ekkert af því.

VERKSTJÓRI

Ert þú að verða hjátrúarfullur líka?

VERKAMAÐUR

Ég er ekkert hjátrúarfullur. En þú sást hvað gerðist.

VERKSTJÓRI

Það er bara að gera þetta rétt núna.

VERKAMAÐUR

Við gerðum allt eins og venjulega. Ætli við springum ekki í loft upp líka?

ÁLFUR

Komdu! Við megum engan tíma missa.

ÁLFUR dregur BALDUR í átt að klettinum.

BALDUR

Slepptu mér! Slepptu!

ÁLFUR

Svona svona! Rólegur. Þetta verður allt í lagi.

ÁLFUR dregur BALDUR inn í klettinn. Kletturinn lokast á eftir þeim.

2. ATRIÐI.

BALDUR og ÁLFUR koma út úr kletti inn í skógarrjóður.

ÁLFUR

Þá erum við komnir.

BALDUR

Hvar erum við?

ÁLFUR

Þetta er Sumarlandið. Hér á ég heima.

BALDUR

Hér er fallett.

ÁLFUR

Fallett? Já finnst þér það? Það er alltaf gott veður. Það er að segja það var alltaf gott veður áður en töfrasprotanum var stolið.

BALDUR

Töfrasprotanum?

ÁLFUR

Töfrasprotu Sóldísar prinsessu. Hann verndaði okkur frá öllu illu.

BALDUR

Það gæti komið sér vel að eiga svoleiðis töfrasprotu.

ÁLFUR

Já. Það er bráðnauðsynlegt fyrir okkur að endurheimta sprotann. Annars verður eilífur vetur í Sumarlandinu. En komdu nú. Við getum masað seinna.

BALDUR

Bíddu hægur. Varstu ekki eitthvað að tala um orm?

ÁLFUR

Jú. Orm hinn ógurlega. Hann geymir sprotann fyrir Grímu norn í Svörtuskógum.

BALDUR

Norn líka! Ég er búinn að heyra nóg. Ég er farinn. Bless.

ÁLFUR

Þetta er ekkert mjög stór ormur. Svo er hann hundgamall. Og nornir eru ekkert mjög hættulegar. Þetta eru bara gamlar sérvittrar kerlingar.

BALDUR

Ef þetta er svona lítið mál þá þurfið þið varla á mér að halda.

ÁLFUR

Jú sjáðu til. Enginn getur snert töfrasprotann nema prinsessan. Engir aðrir - engir nema mennskir menn. Þessvegna þurfum við mennska hetju til að hjálpa okkur.

BALDUR

En ég er engin hetja.

ÁLFUR

Þú ert allavega mennskur er það ekki?

BALDUR

Jú auðvitað.

ÁLFUR

Þú verður að duga. Komdu nú!

BALDUR

En hvað með þessa prinsessu? Af hverju getur hún ekki haldið á srotanum?

ÁLFUR

Hún er fangi svartálfanna. Við verðum að frelsa hana í leiðinni.

BALDUR

Svartálfar! Hvað verður það næst?

ÁLFUR

Viltu þá ekki hjálpa okkur?

BALDUR

Þetta er ekki mitt mál. Mitt vandamál er að vakna í skólann á morgnana og koma á réttum tíma heim. Ég kann ekkert að berjast við orma og frelsa prinsessur.

ÁLFUR

Það eina sem þú þarft að gera er að halda á srotanum. Við skulum berjast við illþýðið.

BALDUR

Ég get það ekki. Ég myndi bara klúðra því. Það misheppnast allt hjá mér.

ÁLFUR

Hvaða vitleysa er þetta? Komdu nú með mér.

BALDUR

Kemur ekki til greina. Þetta er stórhættulegt. Ég vil komast út.

ÁLFUR

Jæja þá. Það verður þá svo að vera. Farðu inn í göngin þarna þangað til þú kemst ekki lengra. Þá lyftir þú upp höndunum svona og ferð með töfraorðin.

(Hugsar sig um)

Ég er búinn að gleyna töfraorðunum.

BALDUR

Þú ert að plata mig.

ÁLFUR

Það er alveg satt. Ég er svo mikill ruglukollur. Ég man ekkert stundinni lengur.

BALDUR

Það getur ekki verið að þú hafir gleymt þeim. Þú ætlar bara að gabba mig til að fara með þér.

ÁLFUR

Það myndi ég aldrei gera.

BALDUR

Hvað geri ég þá? Ég kemst aldrei heim aftur.

ÁLFUR

Jú jú. Hafðu engar áhyggjur. Prinsessan kann töfraorðin. Við þurfum bara að frelsa hana og þá kemstu heim. Komdu nú! Hinir bíða eftir okkur.

BALDUR

Er það alveg satt að þú manst ekki töfraorðin?

ÁLFUR

Alveg hreinasatt!

Þeir fara. GRÍMA norn úr Svörtuskógum kemur inn í þann mund er þeir hverfa sjónum. Hún horfir á eftir þeim.

GRÍMA

Fággi! Komdu hérna!

FÁGGI

(Kemur inn)

Hér er ég. Kallaði húsmóðirin?

GRÍMA

Eltu þá! Fylgstu með öllu sem þeir gera og láttu þá ekki sjá þig.

FÁGGI

Skal gert húsmóðir! Skal gert!

GRÍMA

Bíddu aðeins! Ég ætla að breyta þér í hrafn. Þá verður þú síður uppgötvaður.

(Fer í galdrastellingu)

FÁGGI

(Byrjar að breytast í hrafn)

Nei. Ekki aftur hrafn. Mér verður bumbult af berjunum.

GRÍMA

Jæja þá! Þá breyti ég þér í ref. Það ætti að fara þér vel.

FÁGGI

(Breytist)

Nei nei. Þú þarft ekki að breyta mér í neitt. Fággi er lúmskastur allra. Ég læt þá ekki sjá mig.

GRÍMA

Jæja. Farðu þá. En mundu að þú færð að kenna á því ef þér mistekst.

FÁGGI

(Eðlilegur)

Ég skal standa mig. Þakka þér fyrir að leyfa mér að vera eins og ég er. *(Fer)*

GRÍMA

Það er óskiljanlegt að hann vilji halda í þetta útlit sitt. Jæja. Álfi tókst að ná í mennska hetju. En bíðum við.. ekki er öllu lokið enn.

© Benóný Ægisson 1989

Verkið má ekki afrita eða flytja opinberlega án leyfis höfundar